

249. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 11. desember 2006.

Rektor setti fund kl. 9:00.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra sat fund til 14:30

Hjálmur Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara

Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors

Gestir:

Bjarni Jónasson forstöðumaður HHA

Elin Díanna Gunnarsdóttir deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar

Guðmundur Heiðar Frímansson deildarforseti kennaradeildar

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir fulltrúi dómefndar HA

Jóna Jónsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs

Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 248. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Stefnumótun HA

Bjarni Jónasson og Jóna Jónsdóttir komu inn á fund og gerðu ásamt rektor grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á stefnu og yfirmarkmiðum í kjölfar athugasemda frá deildum og sviðum háskólans. Háskólaráð samþykkti stefnu og yfirmarkmið eftir að hafa bætt við gildi um jafnrétti. Starfshópurinn mun vinna áfram að aðgerðum tengdum yfirmarkmiðum og senda deildum og sviðum til umsagnar. Endanleg tillaga verður síðan lögð fram á fundi háskólaráðs í febrúar.

3. Skýrsla um nánari samvinnu eða mögulega sameiningu félagsvísinda- og lagadeildar og kennaradeildar

Elin Díanna Gunnarsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson komu inn á fund og gerðu grein fyrir skýrslu nefndar sem var skipuð til að skoða kosti sameiningar félagsvísinda- og lagadeildar og kennaradeildar. Nefndin leggur til að deildirnar verði sameinaðar. Háskólaráð samþykkti tillögu nefndarinnar um að skýrslan verði send umræddum deildum og Félagi stúdenta til umsagnar. Nefndin tekur síðan við athugasemdum og sendir háskólaráði endurskoðaða tillögu í febrúar/mars. Háskólaráð mælist einnig til þess að gerð verði nánari grein fyrir faglegum og rekstrarlegum ávinningi ef til sameiningar kæmi og lögð verði fram áætlun um tímasetningar.

4. Rekstraryfirlit janúar – nóvember 2006

Ólafur gerði grein fyrir stöðu rekstrar í lok nóvember. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 912,07 m.kr., sem er 93,33% af áætlun ársins, þar af 546,54 m.kr. vegna kennsludeilda. Reksturinn er 1,6% yfir áætlun.

5. Frumvarp til fjárlaga

Rektor gerði grein fyrir viðauka við samning milli menntamálaráðuneytis og háskólans um kennslu og rannsóknir sem undirritaður var 6. desember sl. Þar kemur fram að við lok 2. umræðu fjárlaga 2007 hafi verið gert ráð fyrir að fjárveitingar til háskólans vegna kennslu og rannsókna verði 1.143 mkr., þar af 810 mkr. vegna kennslu. Fjárveitingar til rannsókna og annarra verkefna hækki um 125,4 mkr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Samningurinn ásamt viðauka gildir til 1. janúar 2008. Næsta ár verður nýtt til að ganga frá 3–5 ára samningi um kennslu og rannsóknir milli háskólans og ráðuneytisins.

þg
IRE
J.E.
H.S.B.

6. **Drög að rekstraráætlun 2007**
Ólafur gerði grein fyrir vinnu við rekstraráætlun en hún er enn í vinnslu hjá framkvæmdastjórn og verður því ekki til umfjöllunar á þessum fundi háskólaráðs.
7. **Beiðni um undanþágu frá framgangsreglu félagsvísinda- og lagadeildar**
Rektor gerði grein fyrir áfrýjun nemanda í félagsvísinda- og lagadeild á úrskurði matsnefndar um undanþágu frá framgangsreglum deildarinnar. Elín Díanna Gunnarsdóttir kom inn á fund og gerði grein fyrir niðurstöðu matsnefndar. Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að vísa beiðninni til deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar og beinir þeim tilmælum til deildarforseta að finna ásættanlega lausn á málinu fyrir báða aðila. Jafnframt mælist háskólaráð til þess að regla þessi verði endurskoðuð og uppfærð til samræmis við aðrar deildir.
8. **Dómnefndarálit**
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Giorgio Baruchello til að gegna stöðu dósents við félagsvísinda- og lagadeild. Háskólaráð samþykkti dómnefndarálitið. Einnig gerði hún grein fyrir álitsgerð um hæfi Timothy John Murphy til að gegna stöðu dósents við félagsvísinda- og lagadeild. Háskólaráð samþykkti álitsgerðina.
9. **Bann við reykingum í HA**
Framkvæmdastjórn HA samþykkti á fundi sínum 22. nóvember að leggja til við háskólaráð að reykingar verði bannaðar á lóð háskólans. Háskólaráð ákvað að í stað þess að banna reykingar alfarið verði því beint til reykingafólks að það reyki ekki í námunda við vinnustöðvar starfsfólks og nemenda.
10. **Árekstrar prófa í próftöflu**
Laufey Petrea Magnúsdóttir kom inn á fund meðan tekið var fyrir erindi frá Hjálmari þar sem hann bendir á árekstra í próftöflu og að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Hann lagði til að gerðar yrðu breytingar á e) lið 1. gr. prófareglna. Háskólaráð samþykkti að e) liður 1. gr. hljóði þannig: *Drög að próftöflum skulu liggja fyrir 1. september fyrir haustmisseri og 3. janúar fyrir vormisseri og birtar á sama tíma og kennsluáætlanir. Endanlegar próftöflur skulu liggja fyrir áður en kemur til staðfestingar á skráningu í námskeið. Prófstjóri sér um að birta próftöflu öllum umsjónarkennurum sem próf eiga í töflunni og stúdentum.*
11. **Endurskoðun jafnréttisáætlunar**
Samþykkt var tillaga frá Ingibjörgu þess efnis að Valgerður Bjarnadóttir verði ráðin til þess að endurskoða jafnréttisáætlun háskólans.
12. **Önnur mál**
12.1 Lögð var fram til fróðleiks umsögn háskólans um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
12.2 Rektor sagði að í ræðu sinni á Ársfundi HA sem haldinn verður 15. desember nk. muni hann leggja áherslu á að kynna stefnumótun háskólans.
12.3 Ákveðið var að halda aukafund um rekstraráætlun þann 28. desember kl. 9:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Boðleinn Gunnarsson
Ingi Rinnar Einarsson
Ingibjörg Einarsson
Hjálmar S. Brynjólfsson